


*Fundargögn 96. aðalfundar*

*Ljósmeðrafélags Íslands*

*21. mars 2015*





## Dagskrá fundarins

- 1) Setning fundar og kosning fundarstjóra og fundarritara
- 2) Skýrsla stjórnar
- 3) Reikningar félagsins lagðir fram til samþykkis
- 4) Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt
- 5) Tillögur til lagabreytinga og aðrar tillögur
- 6) Skýrslur nefnda/deilda
- 7) Stjórnar og nefndakosningar
- 8) Önnur mál

Í lok fundarins mun Guðrún Ásmundsdóttir leikkona fjalla um nærkonur í útkalli, Erla Doris Halldórsdóttir sagnfræðingur sem er að skrá sögu félagsins frá 1979 -2015 mun kynna sitt starf og bókanefnd kynni sig. Karitas Ívarsdóttir og Ragnheiður Bachman munu kynna starf þróunarstofu HH.

Í anddyri verða fyrirtæki með kynningar

### Verðskrá félagsvara.

Sala félagsvara er á staðnum	
Síðerma bolir – svartir/hvítir.....	3000 kr.
Afmælisbolli félagsins.....	1000 kr.
Yfirsetubolli.....	500 kr.
Lausnarsteinar.....	3000 kr.
Barneignarþjónusta á Íslandi.....	1000 kr.
Sá nýji yfirsetukvennaskóli.....	3000 kr.
Akuapunktur och TENS inom obstetiken.....	1500 kr.
Gamlir bollar.....	1000 kr.



## **Skýrsla stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands 2014-2015**

### **Stjórnarfundir**

Stjórnarfundir starfsársins hafa verið 13 talsins, haldnir á tveggja til þriggja vikna fresti eftir því hvað legið hefur fyrir hverju sinni.

### **Kjaramál**

Síðustu tvö starfsár hafa markast mikið af kjaraviðræðum og undirbúningi fyrir miðlæga kjarasamninga. Síðasta vor lauk samningum á þann hátt að við töldum okkur hafa samið um vopnahlé þar sem komið var langt fram á vor (28. maí) og samið var til stutts tíma. Við tókum því aftur að undirbúa kjaraviðræður í ágúst. Samningar runnu út núna 28. febrúar s.l. og erum við búnar að eiga nokkra fundi með samninganefnd ríkisins sem býður okkur 3.5% launahækkun. Það er hvergi nærri því sem við erum að hugsa um þannig að þegar þetta er skrifað ber enn mikið á milli. Haldnir hafa verið sex fundir til kynningar á kröfugerð okkar og stöðu mála. Þessir fundir hafa bæði verið í Reykjavík og á nokkrum stöðum á landsbyggðinni þar sem flestar ljósmeður eru. Atkvæðagreiðsla vegna verkfallsaðgerða verður í vikunni 16-20. mars.

Stofnanasamningar hafa ekki alveg gleymst og var gengið frá yfirferð tveggja stofnanasamninga nú eftir áramót.

### **Félagsfundir – menntamál - fagdeildir**

Tveir félagsfundir voru haldnir á haustönninni. Annar var vegna menntunarmála ljósmeðra. Á fundinum var kynnt hvernig námi ljósmeðra er fyrirkomið á hinum norðurlöndunum. Umræður voru um með hvaða hætti hentugast væri að breyta náminu héraendis og var það niðurstaðan að stefna ætti að fimm ára direct entry námi sem lyki með M.Sc. gráðu og möguleika á eins árs viðbótarnámi til að ljúka námi í hjúkrun. Stjórn félagsins sendi bréf til námsbrautar í hjúkrun við Háskóla Íslands þar sem þessar tillögur voru lagðar fram. Annar félagsfundur var haldinn til að stofna formlega þær fjórar fagdeildir sem samþykktar voru á aðalfundi 2014. Þetta eru fagdeild um kynheilbrigði og forvarnir, fagdeild um fæðingahjálp, fagdeild um meðgönguvernd og fósturskimanir og fagdeild um sængurlegu og brjóstgjöf. Skýrslur deildanna eru í aðalfundargögnum.

### **BHM**

Talsvert samstarf hefur verið við BHM á árinu. Sérstaklega vegna stýrihópa sem myndaðir voru í kjölfar bókunar í síðustu kjarasamningum. Formaður var þá í hóp með fulltrúm þriggja annarra félaga og fjögurra fulltrúa samninganefndar ríkisins þar sem vaktavinnukaflinn var tekinn til endurskoðunar. Vinnu í þeim hópi lauk þann 1.des. með sameignlegu plaggi sem kynnt hefur verið á fundum.



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

## 95 ára afmæli félagsins

95 ára afmæli félagsins var fagnað á afmælisdeginum þann 2. maí. Í kjölfar fræðsludags á vegum námsbrautar HÍ og HH var stigið upp í rútu og haldið í skoðunarferð um Reykjanes og að Ásbrú þar sem hönnuðir voru heimsóttir. Síðan var farið í Bláa lónið þar sem afmælisgestum gafst kostur á að fara í bað í lóninu og snæða síðan kvöldmat. Þrír heiðursfélagar voru tilnefndir að þessu sinni og söngvarinn Valdimar kom og skemmti.

## Heiðursfélagar

Eins og áður var sagt voru þrír heiðursfélagar tilnefndir á afmæli félagsins. Það voru þær Elín Hjartardóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Hildur Kristjánsdóttir sem voru tilnefndar í þetta sinn. Allar hafa starfað ötullega fyrir félagið og fyrir stéttina í heild.

## 100 ára afmæli félagsins

Undirbúningur er hafinn fyrir 100 ára afmæli félagsins 2019.

NJF ráðstefna verður haldin, væntanlega í Hörpu. Formaður undirbúningsnefndar er Ástþóra Kristinsdóttir og formaður fræðilegrar nefndar er Helga Gottfreðsdóttir.

Erla Doris Halldórsdóttir sagnfræðingur hefur hafist handa við að skrá sögu félagsins frá 1979 og nefnd er starfandi til undirbúnings útgáfu nýs ljósmæðratals. Ýmsar aðrar hugmyndir eru uppi sem skoða þarf betur.

## NJF

Félagið hefur tekið þátt í NJF samstarfi. Formaður LMFÍ, Hildur Kristjánsdóttir, fosei NJF og Helga Gottfreðsdóttir lektor fóru til Kaupmannahafnar á samnorrænan fund vegna menntunarmála ljósmæðra á norðurlöndum. Þeim fundi eru gerð góð skil í 2. tölublaði Ljósmæðrablaðsins 2014. Stjórnarfundur NJF er fyrirhugaður á Íslandi nú í maí.

## ICM

Formaður LMFÍ sótti miðstjórnarfund ICM í Prag og ráðstefnu í kjölfarið.

## Málefni heilsugæslu höfuðborgarinnar

Félagið hefur skrifað stjórn heilsugæslunnar bréf þar sem þess hefur verið farið á leit að staða yfirljósmóður í mæðravernd sem heimild er fyrir samkvæmt stofanansamningi verði auglýst laus til umsóknar og ráðið í hana í kjölfarið. Engin svör hafa borist. Formaður fundaði einnig með formanni félags íslenskra fæðinga- og kvensjúkdómalækna um fyrirhugaðar breytingar á rekstarformi heilsugæslunnar. Enginn sem hefur bein afskipti af mæðravernd er í nefnd varðandi breytingarnar og lék okkur forvitni á að vita með hvaða hætti mæðravernd yrði fyrirkominn innan breyttrar heilsugæslu. Við héldum því á fund ráðherra og ræddum málið. Hann staðfesti að breytingar á rekstraformi stæðu fyrir dyrum en engar breytingar yrðu á mæðravernd nema þá til hins betra!!



## Ljosmodir.is og hagræðingar í rekstri.

Vefstjóri ljusmodir.is hefur látið af störfum og formaður og skrifstofan hafa tekið við. Þetta er gert í hagræðingarskyni. Ekki er lengur greitt fyrir fyrirspurnir (nema í sambandi við brjóstgjöf) né neina aðra vinnu við síðuna. Vonumst við til að með þessum hætti getum við aflað félaginu nokkurra tekna.

Við höfum leitað ýmissa leiða til sparnaðar og meðal annars þökkum við Ljósmaedrablaðinu sjálfar og dreifum um helmingi upplagsins með því að bera út blöðin á vinnustaði fólks. Við þetta sparast heilmikill

póstburðarkostnaður. Við munum þróa þetta betur þegar næsta tölublað kemur út.

## Skjalaflokkun

Óskar Þór Þráinsson hefur tekið að sér að flokka skjöl og setja upp skjalaflokkunarkerfi bæði rafrænt og á þau pappírsgögn sem þarf að varðveita. Mikilvægt er að skjöl félagsins séu flokkuð eftir viðurkenndu kerfi. Það auðveldar alla vinnu við að finna þau skjöl sem á þarf að halda hverju sinni, og heldur utan um hvaða eigur félagið á. Einnig mun þetta gera nýju fólki sem kemur til starfa fyrir félagið auðveldara að komast inn í starfið og að skoða og kortleggja fyrra starf félagsins.

## Skrifstofan

Ráðist var í endurbætur á skrifstofunni. Keypt var fundarborð og fundaaðstaða gerð á skrifstofunni. Almenn ánægja er með þetta fyrirkomulag og er aðstaðan mikið notuð.

## Á döfinni

Ýmsar hugmyndir eru á lofti innan stjórnar um hvað þurfi að gera og breyta og bæta í rekstri félagsins. Áhugi er á því að reyna að standa fyrir vinnudegi þar sem ljósmaedur sem áhuga hafa á gætu komið saman og unnið að stefnumótun fyrir félagið sem sárlega vantar. 5.maí næst komandi hyggst félagið ásamt HH, námsbraut og LSH standa fyrir fræðadegi og er undirbúningur hafinn. Vinna við App fyrir væntanlega foreldra er hafin. Vonast félagið til að það komist í gagnid sem fyrst. Nausynlega þarf að uppfæra og laga ljusmodir.is og erum við að leita að peningum í það verkefni. Ljusmodir.is er mjög mikið heimsótt og notuð síða og ef að vel er á málum haldið gæti vefsíðan skilað okkur ágætis tekjum.

## Á hugmyndastiginu

- Skoða þarf betur að gera Ljósmaedrablaðið að rafrænu tímariti. Einn af kostunum við það er að einstaka greinar koma þá upp við google leit á vefnum. Eins og er setjum við blaðið inn í PDF skjali og koma þá ekki einstaka greinar upp við leit.
- Einnig hafa komið upp hugmyndir um að virkja betur félagssíðuna ljusmaedrafelag.is og gera hana skalanlega svo að auðveldara sé að skoða hana í síma. Þar inn kæmu upplýsingar sem ljósmaedur nota ef til vill í daglegri vinnu. Eins hefur komið upp sú hugmynd að setja inn leitarvél þar sem ljósmaedur sem starfa sjálfstætt gætu sett inn upplýsingar um sig t.d. brjóstaráðgjafi – hvaða



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

tungumál talar – í hvaða hverfi starfar o.s.frv. Þetta gæti nýst konum sem vilja leita sér að heimaþjónustuljósmodur sem dæmi.

- Gaman væri að gera viðtalsþátt þar sem talað er við þær ljósmaedur sem eldri eru og muna tímana tvenna og/eða safna viðtölum við þær í gegn um “munnlega geymd” sem er verkefni á vegum Landsbókasafnsins og eru viðtölin þá varðveitt þar. Ingibjörg Ýr Óskarsdóttir ljósmodir er komin af stað með að athuga möguleika okkar á að gera viðtalsþátt með nokkrum eldri ljósmaedrum þar sem þær lýsa starfi sínu og þeim aðstæðum sem þær störfuðu við á þeim tíma og þróuninni gegn um árin. Það verður spennandi að sjá hvað út úr þeirri vinnu kemur.

## **Þakkir**

Stjórn félagsins þakkar öllum þeim sem starfað hafa fyrir félagið á síðast liðnu ári, einnig þeim sem hafa látið sig málefni félgsins varða, haft samband og veitt ábendingar.

Fyrir hönd stjórnar LMFÍ  
Áslaug Valsdóttir, formaður



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

## Ársreikningar félagsins

- Ársreikningur félagsins er í fylgiskjöllum.
- Fjallað verður ítarlega á aðalfundi um kostnaðarliði
- Sérstaklega verður fjallað um útlagðan kostnað vegna kjarabaráttu eins og óskað hefur verið eftir.
- Skoðunarmenn reikninga munu gera grein fyrir sinni niðurstöðu sem og endurskoðandi.
- Sýnd verður kostnaður og innkoma vegna námskeiða og fræðslu á vegum félagsins.
- Fjárhagsáætlun byggir á ársreikningi um sama kostnað. Ekki verði breytt föstum liðum og sparðað þar sem hægt verður að spara.

Inga Sigríður Árnadóttir  
Gjaldkeri LMFÍ



## Tillögur til lagabreytinga og aðrar tillögur

### Tillaga til lagabreytingar.

Stjórn LMFÍ leggur til að grein 5.1. í lögum félagsins

5.1. Í aðalstjórn Ljósmeðrafélags Íslands skulu kosnar þrjú ljósmeður til tveggja ára, formaður, gjaldkeri og ritari. Einnig eru kosnir til tveggja ára varaformaður, varagjaldkeri og vararitari. Formaður kjaranefndar skal sitja sem meðstjórnandi í stjórn. Heimilt er að sitja í stjórn eða nefndum á vegum félagsins þrjú kjörtímabil í röð. Stjórnarmann sem setið hefur samfleytt í sex ár má kjósa í annað stjórnar- eða nefndarstarf, en líða verður eitt kjörtímabil þar til hann má gegna sama starfi aftur

breytist á eftirfarandi hátt. Undirstrikað er breytt orðalag og undirstrikað ásamt feitiletrað er hrein viðbót:

5.1 Í aðalstjórn Ljósmeðrafélags Íslands skulu kosnar sex ljósmeður alls, formaður, gjaldkeri, ritari, varaformaður, varagjaldkeri og vararitari. Hvert stjórnarsæti er kosið til tveggja ára í senn nema formann félagsins skal kjósa til þriggja ára í senn. Framboð til formanns skal berast fjórum vikum fyrir boðaðan aðalfund. Formaður kjaranefndar skal sitja sem meðstjórnandi í stjórn. Heimilt er að sitja í stjórn eða nefndum á vegum félagsins þrjú kjörtímabil í röð. Kjörinn fulltrúi í stjórn og nefndum félagsins sem setið hefur samfleytt í þrjú kjörtímabil má kjósa í annað stjórnar- eða nefndarstarf, en líða verður eitt kjörtímabil þar til hann má gegna sama starfi aftur.

### Tillaga til breytinga á sjóðum félagsins

Stjórn LMFÍ leggur til að rannsóknar og þróunarsjóður verði lagður niður og úthlutað verði úr sjóðnum í síðasta sinn í nóvember 2015. Þeim 4.5% af iðgjaldi félagsmanna sem renna í sjóðinn yrði dreift á eftirfarandi hátt.

2% færu til viðbótar í Þórdísarsjóð (kjarabaráttusjóður)

1% færi í sjóð sem notaður væri til fræðslu á vegum félagsins

1% færi til viðbótar í Brekkusjóð sem er varasjóður félagsins

0.5% færi í rekstur félagsins.

Þannig að eftir breytingar myndu iðgjöld félagsmanna dreifast eftirfarandi

6% í Þórdísarsjóð

1% í Fræðslusjóð

3% í Brekkusjóð

90% í rekstur félagsins





## **Tillaga til breytinga á fagfélagsgjöldum**

Stjórn LMFÍ leggur til að fagfélagsgjöld verði hækkuð úr 8.500 kr í 10.500 kr. til jafns við það sem algengt er í öðrum félögum. Jafnframt munu fagfélagar fá Fylgjuna ásamt báðum tölublöðum Ljósmaðrablaðsins.

## **Tillaga að hlutverki Siðanefndar**

### Siðanefnd Ljósmaðrafélags Íslands (LMFÍ)

Nefndin er skipuð þremur fulltrúum og tveimur til vara og skulu þeir kosnir á aðalfundi félagsins. Stjórnarmenn LMFÍ eru ekki kjörgengir í siðanefnd.

Siðanefnd LMFÍ skal veita félagsmönnum sínum ráðgjöf og gefa umsögn um fagleg eða persónuleg álitamál tengd starfi ljósmæðra.

Nefndin skal einnig veita félagsmönnum aðstoð við að leita sátta í tengslum við ágreining er upp kann að koma varðandi störf þeirra.

Nefndin er stjórn félagsins til ráðgjafar um siðfræðileg efni.

Starfsreglur

- Nefndin styðst við alþjóðasiðareglur ljósmæðra
- Fulltrúar í siðanefnd fara með öll mál sem til hennar koma sem trúnaðarmál, nema þeir sem málið varða veiti heimild til opinberrar birtingar.
- Beiðnir til siðanefndar skulu berast formanni nefndarinnar skriflega (ekki rafrænt)
- Formaður kallar nefndina saman eins fljótt og kostur er eftir að erindi berst.
- Nefndin getur með samþykki þess sem leitar til hennar, vísað málum til annarra aðila.
- Nefndin áskilur sér rétt til að leita álits hjá óháðum aðilum s.s. lögfræðingi.
- Nefndin getur vísað málum frá.
- Nefndin áskilur sér þann rétt til að taka sér þann tíma sem hún telur nauðsynlegan til umfjöllunar mála.
- Nefndin svarar öllum málum skriflega (ekki rafrænt).
- Nefndin er álitsgjafi en ekki dómsaðili.

## **Tillaga að stofnun fagdeildar brjóstaráðgjafa**

Félag brjóstaráðgjafa sækir um að komast sem sjálfstæð fagdeild innan félagsins. Tilgangur þess er liður í því að sækja um löggildingu á nafninu brjóstaráðgjafi og að efla félag brjóstaráðgjafa. Við teljum eðlilegt að brjóstaráðgjafar séu „hýstir“ innan vébanda LMFÍ þar sem bæði heyrir málefnið algjörlega til sviðs ljósmæðra og einnig eru langflestar þeirra sem sótt hafa viðurkenningu sem brjóstaráðgjafar ljósmæður. Ekkert í lögum félagsins segir til um að einstaklingar sem ekki hafa ljósmæðramenntun geti ekki verið með fagaðild að félaginu. Stjórn LMFÍ styður því þessa tillögu.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

### **Tillaga Sigríðar Síu Jónsdóttur**

Lagt er til að LMFÍ eða nefnd á vegum félagsins afli upplýsinga um þau fæðingaheimili sem ljósmæður ráku áður bæði í Reykjavík og víðar um landið og fái leyfi núverandi eigenda til að setja skildi á húsin. Þetta verði veglegir varanlegir skildir þar sem kemur fram að í þessu húsi hafi verið rekið fæðingaheimili árin xxxx-xxxx og nafn viðkomandi ljósmóður/ljósmæðra sem ráku það komi einnig fram og jafnvel sé þess nokkur kostur hve mörg börn hafi fæðst á heimilinu. Hafi húsið verði rífið verði fundinn staður sem næst fyrirverandi staðsetningu og þar settur skjöldur.

Þessu verkefni verði lokið á 100 ára afmæli félagsins 2019.



## Skýrslur nefnda/deilda

### Skýrsla Kjaranefndar

Kjaranefnd LMFÍ hefur haft í ýmsu að snúast frá síðasta aðalfundi þegar undirrituð tók við embætti formanns nefndarinnar. Á vormánuðum voru kjaraviðræður við ríkið í hámarki sem lauk með hálfgerðu vopnahléi þann 28. maí síðast liðinn. Um afar stuttan miðlægan kjarasamning var að ræða en hann var afturvirkur til 1. febrúar 2014 og gildi til 28. febrúar 2015. Með nýjum samningi fengu ljósmæður að meðaltali 3,5% hækkun á grunnlaunum, hækkunar á desember- og orlofsuppbót. Einnig náðist að semja um meiri umbun vegna breytinga á vöktum og greiðslu á fatapeningum í heilsugæslunni. Það reyndist hins vegar ganga illa að ná því fram að heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hæfi að borga út fatapeninga en eftir ítrekaðar umræður milli aðila náðist að lokum að leiða það mál til lykta nú fyrir stuttu.

Kjaranefndin naut sumarsins þrátt fyrir miklar rigningar og lítillar sólar en í lok ágúst hófust fundarstörf að nýju og hafa vopnin verið brynd af mikilli hörku síðan. Nú hefur nefndin lagt fram kröfugerð félagsins og nýtur stuðnings félagsmanna. Langar og strangar viðræður eru nú þegar hafnar bæði í samfloti með BHM og einar og sér. Framundan er mikil vinna og stuðningur félagsmanna er mikilvæg til að árangur náist.

Edda Sveinsdóttir, formaður Kjaranefndar

### Skýrsla Siðanefndar

Reykjavík, 3. mars 2015

Í siðanefnd sitja

Birna Gerður Jónsdóttir, formaður  
Guðrún Halldórsdóttir  
Anna Rut Sverrisdóttir

1. Þrjú erindi sem tengjast sama máli bárust siðanefnd á árinu. Vegna tengsla við félagsmenn sem sendu inn erindin voru Guðrún og Anna Rut vanhæfar til að fjalla um málið og var því ákveðið að kalla til tvo varamenn í þeirra stað. Var leitað til Gróu Margrétar Jónsdóttur og Margrétar Guðmundsdóttur (eldri) sem hafa báðar setið í siðanefnd áður og voru þær fúsar að koma inn í nefndina. Nefndin hittist nokkrum sinnum til að fjalla um erindin og var þeim svarað skriflega.

2. Siðanefnd átti fund í byrjun febrúar 2015 og fór yfir hlutverk, skipan og starfsreglur siðanefndar. Var greinargerð send formanni LMFÍ þann 5. febrúar s.l. til umfjöllunar.

Virðingarfyllst  
Birna Gerður Jónsdóttir



## Skýrsla Fræðslunefndar

Í Fræðslunefnd sitja Hallfríður Kristín Jónsdóttir, Guðrún Haraldsdóttir, Gréta Rún Árnadóttir, Hildur Aðalheiður Ármannsdóttir og Ragnheiður Þorvaldsdóttir.

Í lok september kom sænski sálfræðingurinn Margareta Berg Broden og hélt dagsfyrirlestur um tengslamyndun og andlega vanlíðan móður á meðgöngu og eftir fæðingu. Fyrirlesturinn var haldin á hótél Sögu og mættu um 50 manns, ljósmæður, læknar, hjúkrunarfræðingar og sálfræðingar.

Jólafundurinn var haldinn þann 4. Desember. Heppnaðist hann einstaklega vel. Boðið var upp á rauðvín og hvítvín og létt snarl. Fræðslunefndin safnaði veglegum vinningum og seldir voru happrættismiðar fyrir 225 þúsund krónur og rann ágóðin til Kvænnaathvarfsins. Svavar Knútur kom og skemmti ljósmæðrum þetta kvöld. Aldrei hefur verið eins mætt af ljósmæðrum á fundinn eða um 50.

Á döfinni í september er nálastungunámskeið.

Fyrir hönd fræðslunefndar Ljósmeðrafélags Íslands,  
Hallfríður Kristín Jónsdóttir

## Skýrsla Bókanefndar

Verkefni undirbúningsnefndarinnar fyrir nýtt ljósmæðratal var að undirbúa og kanna frekari möguleika á útgáfu á nýju ljósmæðratali á 100 ára afmæli félagsins árið 2019. Farið var yfir hver ágríp talsins þ.e. hvaða upplýsingum þyrfti að safna saman og hvað það myndi kosta. Nefndin sér fram á að hægt sé að gefa út nýtt tal ef áskriftarsöfnun verði líkt og með bókina Lausnarsteina. Mælum við með að sett yrði saman tal á rafrænu formi sem einnig væri hægt að nýta í innbundna útgáfu. Þrír valkostir væru þá í stöðunni og hver kostur myndi hafa mismunandi kostnað eftir innihaldi áskriftar. Rafbók myndi alltaf fylgja með prentuðum eintökum.

1. Áskrift að rafbók (alltaf hægt að fá eftir útgáfu, aðgangur fenginn jafn óðum)
2. Áskrift að rafbók+kilju (alltaf hægt að fá eftir útgáfu, prentað jafn óðum)
3. Áskrift að rafbók+ innbundinni hátíðarútgáfu (rafbók er alltaf hægt að fá eftir útgáfu, en innbundin hátíðarútgáfa er bara prentuð í þetta eina skipti á afmælisárinu)

Þannig með áskrift næst stofnkostnaður (áskrift=staðfestingargjald) sem hægt er að nota án þess að félagið komi með fjárhagslega ábyrgð á útgáfunni og þurfi að greiða sem minnst með því. Þegar að útgáfu kemur gætu áskrifendur þurft að borga mismun sem vantar upp á útgáfukostnað.

Búið er að semja (með samþykki stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands) við Erlu Doris Halldórsdóttur hjúkrunar- og sagnfræðing að taka saman sögu félagsins og ljósmóður stéttarinnar frá seinustu útgáfu allt að þeim degi sem líklega er gott að miða við eða kringum 1. jan. 2019. (t.d. kjarabarátta, norrænt samstarf, félagsvörur, merki félagsins, stjórnir og nefndir félagsins, Heiðursfélagar, Ljósmóðurskólinn, Hreiðrið o.s.frv.) Nefndin þiggur því allar sögur og heimildir sem ljósmæður hafa heima hjá sér bæði munnlega og ritaðar til að safna saman í ritað mál. Einnig myndi vera gott að fá gamlar félagsvörur til að mynda og skrásetja.



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Tekið verður saman áframhaldandi tal ljósmæðra frá seinustu útgáfu. Bréf og/eða tölvupóstur verði sendur út til allra ljósmæðra sem hafa fengið ljósmæðraleýfi á Íslandi. Það mun innihalda eyðublað á rafrænu formi til upplýsingasöfnunar. Eldri ljósmæðrum sem voru í seinasta tali verði gefinn kostur á að endurnýja upplýsingar sínar. Einnig verður ættingjum látinna ljósmæðra gefinn kostur á að endurnýja upplýsingar um þær. Stjórn bókanefndar tekur saman upplýsingar og vinnur úr þeim jafnóðum. Þannig mun talið verða svipað uppbyggt og fyrra tal og mun komandi bók bera númerið þrjú og jafnvel númer fjögur ef næst í tvær bækur.

Lögðum við það því fram fyrir stjórn félagsins að kosið yrði á komandi aðalfundi endalega í bókanefnd a.m.k. 3 aðila sem yrðu starfandi fram yfir útgáfu bókarinnar. Hægt væri að bæta við tveim núna eða síðar þegar þess yrðir þörf. Þeir einstaklingar sem kosnir yrðu núna og/eða síðar myndu sjá um að halda áfram að útgáfu sem ritstjórn bókarinnar.

Með kveðju frá Bókanefnd

Álfheiður Árnadóttir  
Harpa Ósk Valgeirsdóttir  
Inga Sigríður Árnadóttir

## **Skýrsla Sjóðanefndar**

Í sjóðanefnd sitja

Inga Sigríður Árnadóttir, formaður sjóðanefndar og gjaldkeri LMFÍ, Áslaug Íris Valsdóttir, formaður LMFÍ, Margrét Guðmundsdóttir (eldri), Greta Matthíasdóttir og Gréta Rún Árnadóttir

Sjóðanefnd fundaði einu sinni frá seinasta aðalfundi árið 2014, þann 28. nóvember 2014. Á fundi sjóðanefndar var farið yfir stöðu sjóða félagsins og úthlutnarreglur þeirra. Ekki var talið tilefni að breyta reglum sjóðanna. Sjóðir í umsjón Sjóðanefndar eru Minnagsjóðs Jóhönnu Hrafnfjörð (MJH) og Rannsóknar- og Þróunarsjóð (ROP).

### Minningarsjóður Jóhönnu Hrafnfjörð

Til úthlutanar var 750.000 kr. Bárust tvær umsóknir en önnur var dregin til baka fyrir úthlutun og hin umsókninni var vísað til ROP þar sem hún mætti ekki reglum MJH um að fullnýta aðra sjóði og átti því freka heima innan ROP. Umsóknin var því tekin fyrir í ROP. Niðurstaða er að engin styrkhæf umsókn barst í MJH og því verður engum styrkjum úthlutað og styrkffé flyst til úthlutunar næsta árs.

### Rannsóknar- og þróunarsjóður

Til úthlutunar stóð 1.779.995 kr. Bárust sjö styrkhæfar umsóknir. Af þessum sjö voru fimm að sækja um í fyrsta skipti, ein að sækja um fyrir nýtt verkefni en hefur fengið úthlutað fyrir annað verkefni tengt þessari umsókn og ein að sækja aftur um fyrir sama verkefni sem hefur þegar fengið úthlutun.

Fjórir umsækjanda eru að sækja um fyrir mastersverkefni (þarf af ein sem hefur þegar sótt um áður fyrir verkefnið sitt), tvær sækja um fyrir doktorsverkefni og ein sækir um vegna rannsóknar og þróunarverkefnis. Ályktun sjóðanefndar eftir að fara yfir úthlutnarreglur ROP



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

og til að gæta jafnræðis er að styrkja öll verkefni, en mismunandi upphæðir eftir tegund verkefnist og hvort hefur fengið styrk áður.

Niðurstaðan var því sú að þrjú verkefni þ.e. 2 doktorsverkefni og rannsóknar og þróunar verkefni fá úthlutað 250.000 kr styrk. Þessi verkefni standa yfir í lengri tíma og geta því sótt um aftur í ROP upp í hámarks styrk. Mastersverkefni þrjú sem sækja um í fyrsta skipti fá úthlutað 325.000 kr. og verkefnið sem þegar hefur fengið 350.000 kr. styrk samtals árið 2011 og 2013 fær 50.000 kr. til viðbótar eða alls 400.000 kr. sem er hæsta styrkupphæð sem mastersverkefni hafa fengið undanfarin ár.

Allir umsóknaraðilar voru einnig hvattir til að sækja um frekari styrki til sjóða BHM eins og Starfsþróunarseturs háskólamanna og Starfsmenntunarsjóð t.d. fyrir skólagjöldum á framhaldsstigi háskóla. Þegar búið er að fullnýta sjóði BHM og ROP er hægt að leita til MJH.

Fyrir hönd Sjóðanefndar Ljósmeðrafélags Íslands

Inga Sigríður Árnadóttir, formaður Sjóðanefndar LMFÍ og gjaldkeri LMFÍ

## Skýrsla Ritnefndar

Í ritnefndinni árið 2014 voru Hrafnhildur Ólafsdóttir ritstjóri, Helga Gottfreðsdóttir, Berglind Hálfhánsdóttir, Ingibjörg Eiríksdóttir, Ingibjörg Th. Hreiðarsdóttir, Sigrún Ingvarsdóttir og Embla Ýr Guðmundsdóttir.

Haldnir voru tveir ritnefndarfundir, einn fyrir hvort blað. Svo eru mikil samskipti hjá nefndinni með tölvupósti.

Árið 2014 voru gefin út tvö blöð eins og undanfarin ár. Ekki hefur verið erfitt að fá efni í blaðið, nokkrir fastir liðir eru í blaðinu eins og verkefni frá ljósmóðurnema og hugleiðingar ljósmóður. Fjórar ritrýndar greinar birtust á síðasta ári og eru nokkrar væntanlegar á þessu ári.

Töluverður kostnaður hefur verið við útgáfu blaðsins, uppsetningu, prentun, auglýsingasöfnun, pökkun og dreifingu, í raun hefur þessi kostnaður hækkað á hverju ári. Dóra Stephensen ljósmóðir hefur safna auglýsingum fyrir blaðið síðasta ár og hefur það gengið vel. Ritstjórinn sjálfur, ásamt fjölskyldu sinni, pakkaði svo vorblaðinu en í desember var auglýst eftir hjálp félagsmanna til að pakka blaðinu ásamt fylgju, voru það nokkrar vaskar ljósmæður sem komu saman og pökkuðu öllu á mettíma, vonandi hefur eitthvað sparast við þetta.

Fylgjan var gefin út, nokkrir kaflar voru endurskoðaðir og var ákveðið að hafa hana gormaða, vonandi kemur það vel út. Fylgjan er stór þáttur í lífi ljósmæðra.

Fyrir hönd ritnefndar

Hrafnhildur Ólafsdóttir ritstjóri

## Skýrsla Norðurlandsdeildar Ljósmeðrafélags Íslands fyrir árið 2014.

Starfsemi Norðurlandsdeildar Ljósmeðrafélags Íslands var með hefðbundnum hætti árið 2014.

Aðalfundur var haldinn 8. maí. Auk venjulegra aðalfundastarfa var margt skrafað og m.a. rætt um dræma fundarsókn á aðalfundi og hvað gæti valdið. Ein hugmynd var sú að e.t.v. væri of seint að halda aðalfund í maí eins og verið hefur og því rætt að flytja aðalfundinn framár á



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

árið. Til þess þarf lagabreytingu á aðalfundi og verður það tekið fyrir á næsta aðalfundi. Hallfríður Alfreðsdóttir kvaddi sér hljóðs og las upp úr bókinni "Nokkrar sjúkrasögur" sem gefin var út 1930 og vakti það almenna kátínu.

Í maí sendi NLMFÍ frá sér ályktun til nefndar sem vinnur að endurskipulagningu náms í ljósmóðurfræðum. Vildi NLMFÍ með þessu leggja áherslu á mikilvægi tengingu ljósmóðurfræðinnar við hjúkrunarnám. Er það álit félaga að mikilvægt sé að ljósmóðir sé starfandi á sem flestum þéttbýlisstöðum á landinu til að sinna mæðravernd og ungbarnavernd og að meiri líkur séu á að fá ljósmæður út á land til þessara starfa, séu þær með hjúkrunarmenntun jafnframt.

Aðventufundur var haldinn í húsnæði Sjúkrahússins á Akureyri 19. nóvember. Fengum við Sr. Svavar A. Jónsson til að koma og kynna fyrir okkur matreiðslubókina Biblíumatur, sem hann gaf út fyrir jólin. Nutum góðra veitinga og spjölluum um daginn og veginn.

Tveir félagar deildarinnar létust á árinu; þær Margrét Þórhallsdóttir og Hallfríður Alfreðsdóttir. Einn félagi óskaði eftir að ganga úr deildinni. Félagar eru því nú 43 talsins.

Stjórnarfundir voru þrjár á árinu auk samskipta stjórnarmeðlima í gegnum síma og tölvupóst þegar þurft hefur.

Stjórn NLMFÍ skipa nú:

Birgitta Níelsdóttir, formaður

Ásrún Ösp Jónsdóttir, varaformaður

Ingibjörg Jónsdóttir, ritari

Eva Laufey Stefánsdóttir, gjaldkeri

Halla Harðardóttir, meðstjórnandi

Með bestu kveðjum á aðalfund Ljósmaðrafélags Íslands,

Birgitta Níelsdóttir, formaður NLMFÍ.

## **Skýrsla fagdeildar um fæðingarhjálp**

Fyrsti fundur fagdeildar um fæðingarþjónustu var haldinn 19.nóvember 2014. Átta félagsmenn voru mættir ásamt einum sem var á netinu frá Akureyri. Byrjað var að ræða um tvær spurningar sem gott væri að fagdeildin myndi spyrja sig varðandi hlutverk fagdeildarinnar, Hvernig viljum við að svona deild virki og hugmyndir um stefnumótun. Farið var í hugmyndir hvernig fagdeild um fæðingarþjónustu ætti að starfa t.d að vera með ályktanir varðandi fæðingarþjónustuna, verið með stefnumótun, verið með fyrirlestra og haldið ráðstefnur. Ljósmaðurnar á fundinum hafa áhyggjur af fæðingarþjónustunni á landsbyggðinni ásamt því að fá ljósmæður til þess að vinna á landsbyggðinni. Einnig var rætt um að ljósmæður þurfa málsvara í rafrænni mæðraskrá. Fagdeildarmeðlimir vilja benda ráðamönnum á að það sé aukin kostnaður við að loka fæðingarstöðum fyrir eðlilegar konur þar sem það sé aukinn kostnaður á áhættustofnunufæðingum ásamt því að það er aukin kostnaður við sjúkrabílaþjónustu. Rætt er um að fæðingarþjónustan sé tengd góðri mæðravernd þar sem konur eru undirbúnar til að takast á við fæðinguna og þar sem konur eru flokkaðar m.t.t. áhættu. Rætt er um hvort viðræður við Sjúkratrygginga heyri undir kjaramál eða fagdeildina og eru fundarmenn sammála um að þessi mál skarast þar sem verið sé að fjalla um heilsufarsflokkarnir og ýmislegt sem snýr að fagmálum. Fagdeildarmeðlimir tala um að forgangsverkefni fagdeildarinnar væri að uppfæra leiðbeiningar Landlæknis um val á fæðingarstað. Einnig var rætt um annað sjónarmið sem eru lögsóknir, hvernig ljósmæður séu varðar gagnvart því, Rætt var um klínískar leiðbeiningar varðandi fæðingarþjónustuna. Það



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

þarf að samræma vinnubrögð ljósmæðra. Gott væri að fagdeildarnar ynnu með ályktanirnar og svo kæmu fram heildarályktun frá félaginu sjálfu þar sem getur komið fyrir að fagdeildar skarast með ályktanir, þá væri hægt að samræma þær. Áætlað er að halda annan fund í fagdeildinni á vorönninni.

f.h.Fagdeildar um fæðingarþjónustu  
Steina Þórey Ragnarsdóttir, varaformaður LMFÍ

## **Skýrsla fagdeildar um kynheilbrigði og forvarnir**

Deildin hefur fundar tvisvar sinnum frá stofnun, en 10 ljósmæður hafa skráð sig í fagdeildina.

Ljósmæður í fagdeildinni eru sammála um að þetta sé sú fagdeild þar sem ljósmæður geta helst útvíkkað starfsvið sitt. Ýmsar hugmyndir hafa komið upp og má þar nefna ýmsa ráðgjöf til kvenna og fjölskyldna í barneignuferlinu sem og kvenna á breytingaskeiði, getnaðarvarnaráðgjöf og aðkoma ljósmæðra að krabbameinsskimun (er langt komið).

Fagdeildin hefur ákveðið að næstu misseri skal leggja áherslu á að ljósmæður vinni í því að fá leyfi til að skrifa upp á getnaðarvarnir og öðlast réttindi til að setja upp lykkju. Einnig ætlar deildin að skoða hvað hægt sé að gera til að sporna við aukningu á óþarfa aðgerðum á kynfærum kvenna.

Fyrir hönd stjórnar fagdeildar um kynheilbrigði og forvarnir,  
Ásta Hlín Ólafsdóttir

## **Skýrsla fagdeildar um meðgönguvernd og fósturskimanir**

## **Skýrsla fagdeildar um sængurlegu og brjóstagjöf**

## **Skýrsla Ljósanna**

Ljósumnar, skýrsla deildar á aðalfundi LMFÍ 21.mars 2015

Starfssemi deildarinnar breytist lítið milli ára.Nokkrar hafa látist á árinu en 24.nýjar komu inn eftir áramót og voru send út 252 fundarboð fyrir vorfundinn sem verður haldinn núna 19. Mars.2015

Starfsmaður á skrifstofunni ásamt formanni LMFÍ,hafa aðstoðað við að bæta á póstlista þeim ljósmæðrum sem verða sextugar á árinu og búa á Íslandi.

Ljósmæðrafélagið hefur borið kostnað af ljósritun og póstsendingum.Það hefur reynst mjög vel að leita til félagsins með ýmislegt sem viðkemur starfssemi deildarinnar og sömuleiðis er starfsfólk BHM í Borgartúni afar hjálplegt.

Á aðalfundi ljósmæðrafélagssins í vor var kosin nefnd sem á að kanna hvert grundvöllur sé fyrir útgáfu nýs ljósmæðratals,en það eru 30.ár síðan síðasta tal kom út.Í nefndinni sitja formaður ljósanna

Álfheiður Árnadóttir Inga Sigríður Árnadóttir og Harpa Ósk. Er vinnan í fullum gangi og munum við skila skýrsu til félagsins í vetur.





# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Ljósurnar halda 2.fundi yfir veturinn, aðalfund í október og einn almennan fund að vori yfirleitt í mars.

Stundum hafa fundarkonur verið með upplestur eða frásagnir á þessum fundum. Algengur mætingarfjöldi er um 25-35 konur. Tveir formlegir stjórnarfundir eru haldnir yfir veturinn, en þess utan er lagt á ráðin gegnum síma og tölvupóst.

Vorferðin að þessu sinni var farin 4. júní í ár og var farið um Hvalfjörð og Borgarnes en 55 ljósur voru með í för í blíðskaparveðri. Var þetta einstaklega vel heppnuð ferð og fékk nýja ferðanefndin sem var kosin á síðasta aðalfundi mikið hrós fyrir góðan undirbúning í alla staði.

Ferðanefndina skipa núna: Guðrún Sveina Jónsdóttir heldur áfram Guðrún Guðbjörnsdóttir, Svannborg Egilsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Halldóra Margrét Bjarnadóttir. Var fráfarandi ferðanefnd kvödd með lófataki og þökkuð fyrir frábært starf.

Breyting varð á stjórn Ljósanna á síðasta aðalfundi, úr stjórn gengu samkvæmt reglum deildarinnar María Björnsdóttir Anna Þorsteinsdóttir og Ásgerður Helgadóttir.

María gaf kost á sér sem varaformaður og Ásgerður gaf kost á sér áfram.

Stjórnina skipa núna: Álfheiður Árnadóttir formaður, María Björnsdóttir varaformaður, Halldóra Ásgrímsdóttir ritari, Ásgerður Helgadóttir meðstjórnandi og Ásta Lóa Eggertsdóttir meðstjórnandi.

Samkvæmt reglum deildarinnar er hvert hvert kjörtímabil 2. ár. Úr stjórn ganga núna Halldóra Ásgrímsdóttir ritari og Ásta Lóa Eggertsdóttir meðstjórnandi, en þær hafa báðar gefið kost á sér áfram.

Utan formlegra starfa í ljósudeild eru nokkrir fastur liður að fara í Perluna í kaffi fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, en sá fundur er öllum opin óháð því hvort þær eu skráðar í deildina. Einnig er orðin hefð að fara saman út að borða á adventunni, og sér ferðanefnd um þann undirbúning. Alls mættu um 50 ljósur jólahlaðborðið síðast og skemmtu sér vel. Það eru alltaf fagnaðar fundir þegar ljósurnar hittast hvort sem er á fundum eða ferðalögum.

Ljósudeildin heldur áfram að stækka og eflast nýjum ljósum á hverju ári.

Álfheiður Árnadóttir formaður



## Stjórnar og nefndakosningar

Formaður; Áslaug Valsdóttir  
Varaformaður; Steina Þórey Ragnarsdóttir  
Ritari; Ásta Hlín Ólafsdóttir  
Vararitari; Bergrún Jónsdóttir  
Gjaldkeri; Inga Sigríður Árnadóttir  
Varagjaldkeri; Hafdís Ólafsdóttir  
Meðstjórnandi; Edda Sveinsdóttir

Aðaltrúnaðarmaður; Arndís Mogensen

Ritnefnd; Hrafnhildur Ólafsdóttir  
Berglind Hálfánardóttir  
Embla Ýr Guðmundsdóttir  
**Helga Gottfreðsdóttir**  
**Ingibjörg Eiríksdóttir**  
Ingibjörg Hreiðarsdóttir  
Sigrún Ingvarsdóttir  
Nýjar í ritnefnd, Ólöf Ásta Ólafsdóttir

Kjaranefnd,  
formaður; Edda Sveinsdóttir  
Jóhanna Skúladóttir  
Kristín Viktorsdóttir  
Sesselja Ingólfssdóttir  
Signý Dóra Harðardóttir  
Formaður LMFÍ  
Fræðslunefnd;  
formaður **Hallfríður Kristín Jónsdóttir**  
**Gréta Rún Árnadóttir**  
Guðrún Haraldsdóttir  
Hildur Ármannsdóttir  
Ragnheiður Þorvaldsdóttir  
Nýjar í nefnd, Ingibjörg Ýr Óskarsdóttir  
Ingibjörg Eiríksdóttir

Sjóðanefnd,  
formaður Inga Sigríður Árnadóttir  
Gjaldkeri LMFÍ  
formaður LMFÍ  
Gréta Rún Árnadóttir  
Gréta Matthíasdóttir  
Margrét Guðmundsdóttir



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS  
(The Icelandic Midwives' Association)  
Stofnað árið 1919

Kjörnefnd,  
formaður; Birna Ólafsdóttir  
Hilda Friðfinnsdóttir  
Tinna Jónsdóttir

Siðanefnd,  
formaður; Birna Gerður Jónsdóttir  
Anna Rut Sverrisdóttir  
Guðrún Halldórsdóttir  
Varamenn; Gróa Margrét og Margrét Guðmundsdóttir (eldri)

NJF; Hildur Kristjánsdóttir

Skoðunarmenn  
Ingunn Vattnes Jónsdóttir  
Margrét Guðmundsdóttir



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS  
(The Icelandic Midwives' Association)  
Stofnað árið 1919

## **Fylgiskjöl**



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS  
(The Icelandic Midwives' Association)  
Stofnað árið 1919

## Önnur mál